

Snjólaug Guðmundsdóttir

KVENNABARÁTTA Í DREIFBÝLI

Ég ætla að reyna að lýsa því, í mjög stórum dráttum, hvað kvennabarátta í dreifbýli er, frá mínum bæjardyrum séð.

Kvennabarátta í dreifbýli er að mínu mati ekki eins afmörkuð við sér mál kvenna, eins og hún kann að vera í þéttbýli!

Baráttan er meðal annars sú, að fá bætt á ýmis konar þjónustu, því verslun okkar dreifbýlisfólks fer að nokkru leyti fram sem póstverslun. Fyrir þessu berjast bæði karlar og konur.

Mig langar til gamans að segja ykkur dæmi um hluti sem við dreifbýlisfólk fáum ekki notið, nema með ærnum kostnaði og fyrirhöfn (alla vega þeir sem búa langt frá þéttbýli) en það eru ýmis konar íþróttir eins og sund, og að fá sér tíma í líkamsrækt eða ljósum, en við getum auðvitað skokkað og farið í gönguferðir út í ómengaðri og guðs grænni nátturinni án teljandi fyrirhafnar.

Konur láta skólamálin til sín taka, og mér finnst allavega á því skólasvæði sem ég bý á, að karlmennirnir standi með okkur í baráttunni, um að börnin okkar fái þá menntun sem þeim ber, og að þau séu ekki látin í heimavist í það minnsta fyrr en 10 ára gömul, þó finnst sumum all í lagi að börn fari í heimavist 6-7 ára. En mér finnst það réttlætiskrafa, að þau fari ekki í heimavist fyrr en 10 ára, því það er skoðun mín að þau börn sem ekki hafa náð þeim proska, sem þau þurfa að hafa til að geta farið í heimavist 6-7 ára, þó ekki sé nema viku og viku í einu, geta farið mjög illa út úr sinni skólagöngu, líður alltaf illa og ná sér ekki á strik með námið, og fá þá ekki það sem þau hefðu annars geta fengið út úr veru sinni í skólanum.

Svo er það baráttan fyrir bættem aðbúnaði og öryggi unglínganna þegar þau fara til framhaldsnáms í þéttbýli, í dreifbýli er ekki framhaldsmenntun að fá að neinu gagni.

Atvinna dreifbýlisfólks er nær eingöngu einhverskonar búskapur, undantekningar eru nokkrir iðnaðarmenn og kennarar.

Að rekstri búsins vinna, í flestum tilfellum hjón, eða sambýlisfólk og börn þeirra, er þá viðhöfð ákveðin verkaskipting, flestir reyna að hafa þá verkaskiptingu sem skynsamlegasta og réttlátasta.

Auðvitað eru til karlmenn sem ekki koma nálægt innanbæjarstörfum, og konur sem lítið vinna við búið sjálft.

En sveitafólk vinnur yfirleitt mikið, hvernig svo sem það skiptir með sér verkum, og afrakstur búsins eru laun beggja.

Eitt er það sem konur eru einar að basla með, án stuðnings frá karlmönnum, og má því flokkast undir ómengaða kvennabaráttu, en það er að koma á markað, ýmis konar handavinnu sem þær vinna, og að fá greitt fyrir vinnuna í það minnsta lágmarkslaun.

Í sveitinni er nokkuð um það sem ég vil kalla dulið atvinnuleysi, en litla sem enga atvinnu er að fá fyrir unglinga sem vilja vera heima, og atvinna er engin fyrir konur sem gjarnan vildu vinna utan bús og heimilis, þó ekki væri nema hálfan daginn, að vísu eru þessir möguleikar frekar í þeim sveitarfélögum þar sem skólarnir eru staðsettir.

Baráttan fyrir bættu ástandi í þessum efnum er að mínu mati í verkahring sveitarfélugganna fyrst og fremst, en í sveitarstjórnunum ráða karlar ríkjum, þó hefur þátttaka kvenna í sveitarstjórnunum aukist.

Til þess að bæta atvinnuástandið þarf, meðal annars, raunhæfar hugmyndir og fjármagn, en flest litlu sveitarfélögin eru févana.

Ungmennafélögin og kvenfélögin hafa ásamt fleirum séð um menningarmál sveitanna.

Ég held að það sé óhætt að segja að ungmennafélögin og kvenfélögin séu þar víðtækustu félagsmálahreyingar sem til hafa verið hér á landi.

Í sumum hreppsfélögum, var nærri hver einasta kona í kvenfélaginu og mér finnst að þær hafi gert eintóma góða hluti.

Á stefnuskrá fyrstu kvenfélaganna var þetta meðal annars: Efla hreinlæti, kenna börnum að lesa, skrifa og reikna, koma upp matjurtagörðum, gæta hagsýni í heimilisrekstri, miðla verkkunnáttu og þekkingu á milli kvenna, stofna sjóði til kaupa á vélum til að létta konum störfin eins og t.d. þrjónavél, og margt margt fleira.

Síðar voru kvenfélagasamböndin stofnuð og konur innan þeirra börðust fyrir byggingu húsmæðraskólanna.

Konur í kvenfélögum safna, eins og allir vita, fé til kaupa á ýmsum hlutum og til gjafa handa hinum ýmsu stofnunum þjóðfélagsins, þær halda allskonar námskeið fyrir sína félagsmenn.

Ég vil meina að í kvenfélögunum unnu og vinna konur fyrir bättum hag kvenna, og þá um leið betra samfélagi, og mér finnst allt í lagi að halda áfram á svipuðum nótum, mér finnst líka athugandi hvort ekki megi finna farveg fyrir kvennabaráttu nútímans í kvenfélögum dreifbýlisins.